



Til sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu.

Nafn umsækjanda (stjúforeldris)		Kennitala
Lögheimili	Ríkisfang	Netfang
Staður og póstnúmer		Sími

Nafn barnsins sem óskað er eftir að ættleiða		Kennitala
Lögheimili, staður og póstnúmer		Ríkisfang

Kynforeldri barns (sem býr með umsækjanda)		Kennitala
Lögheimili	Ríkisfang	Netfang
Staður og póstnúmer		Sími

Kynforeldri barns		Kennitala
Lögheimili	Ríkisfang	Netfang
Staður og póstnúmer		Sími

Lögsaga sýslumanns skv. 36. gr. ættleiðingarlaga. Aðeins þeim sem er búsettur hér á landi er heimilt að ættleiða barn samkvæmt ættleiðingarlögum.

Umsókn manns er býr erlendis um leyfi til ættleiðingar, sbr. 37. gr. ættleiðingarlaga.

Manni sem búsettur er erlendis er einungis heimilt að ættleiða barn samkvæmt ákvæðum laga þessara ef hann eða maki hans eru íslenskir ríkisborgarar og geta sökum þess ekki fengið leyfi til ættleiðingar í landi þar sem hann býr, enda megi ætla að íslenskt ættleiðingarleyfi verði metið gilt þar sem hann er búsettur.

Hér skal gera grein fyrir því ef umsækjandi býr erlendis og getur ekki fengið leyfi í búsetulandi sínu vegna íslensks ríkisfangs. Leggja skal fram gögn því til staðfestingar.

Sýslumaður getur heimilað að umsókn erlendis búsetts umsækjanda um ættleiðingarleyfi verði tekin til meðferðar hér á landi vegna **sérstakra tengsla umsækjanda við landið**, sbr. 37. gr. ættleiðingarlaga.

Ef umsækjandi býr erlendis og óskar meðferðar á erindinu vegna sérstakra tengsla við landið, skal gera hér grein fyrir þeim sérstökum tengslum og eftir atvikum leggja fram gögn því til stuðnings.

Aldursskilyrði sbr. 5. gr. laga um ættleiðingar. Leyfi til ættleiðingar verður veitt þeim einum sem náð hefur 25 ára aldri. Þó má ef sérstaklega stendur á, veita þeim sem orðinn er 20 ára leyfi til ættleiðingar.

Ef umsækjandi er 20 – 24 ára, skal gera hér grein fyrir sérstökum aðstæðum og eftir atvikum leggja fram gögn því til stuðnings.

**Regla um lágmarkssambúðartíma ættleiðanda og kynforeldris, sbr. 3. mgr. 10. gr. reglugerðar 238/20025 um ættleiðingar, sbr. 2. gr. laga um ættleiðingar nr. 130/1999.**

Þegar umsókn um stjúpættleiðingu er lögð fram skal umsækjandi sannanlega hafa verið í samfelldri sambúð með foreldri eða kjörforeldri barns í a.m.k. fimm ár. Þetta gildir hvort sem um er að ræða hjón, karl og konu í óvígðri sambúð eða tvo einstaklinga í staðfestri samvist. Víkja má frá þessu ákvæði vegna umsóknar maka í hjónabandi eða staðfestri samvist ef barn hefur verið getið við tæknifrjövgun og verður ekki feðrað af þeim sökum. Sambúð skal þó hafa verið samfelld í a.m.k. tvö og hálf ár í slíkum tilvikum.

Með óvígðri sambúð í ættleiðingarlögum er átt við sambúð tveggja einstaklinga sem skráð er í þjóðskrá eða sem ráða má af öðrum ótvíræðum gögnum, sbr. 5. mgr. 2. gr. ættleiðingarlaga.

Undirrituð stjúpforeldri og kynforeldri erum í hjónabandi skráðri sambúð samkvæmt þjóðskrá.

Samkvæmt skráningu þjóðskrár hófst sambúð okkar þann _____ (dagsetning).

Þegar umsókn er lögð fram hefur sambúð okkar varað samfelld í _____ ár.

Hafi sambúðin ekki verið samfelld, skal gera grein fyrir því hér.

Ef sambúðartími er skemmri en fimm ár skal gera hér grein fyrir sérstökum ástæðum sem umsækjendur telja að mæli með ættleiðingu.

Ef skemmri tími en 5 ár er liðinn frá því að sambúð hófst samkvæmt skráningu Þjóðskrár Íslands, skal leggja fram ótvíræð gögn er sýni að sambúð hafi staðið í 5 ár eða lengur þegar umsókn er lögð fram. Einnig skal gera hér grein fyrir ástæðum þess að skráning Þjóðskrár Íslands sýnir skemmri tíma.

Ef barnið var getið með tæknifrjövgun og verður ekki feðrað af þeim sökum, skal greina frá því hér og leggja fram skjal því til staðfestingar.

Sambúð skal hafa verið samfelld í a.m.k. tvö og hálf ár í slíkum tilvikum.

Gekk staðgöngumóðir með barnið. Nei Já

Hefur stjúpforeldri samið við kynforeldri um forsjá barnsins, skv. 29. gr. a barnalaga 76/2003. Ef svo er, tilgreinið hvenær og hjá hvaða sýslumanni samningur var staðfestur.

Forsjá barnsins er þannig háttáð:

Umsögn forsjárlauss foreldris, skv. 11. gr. ættleiðingarlaga. Við meðferð málsins verður forsjárlausu foreldri gefinn kostur á að tjá sig um fyrirhugaða ættleiðingu, ef unnt er, sbr. 11. gr. ættleiðingarlaga. Ef forsjárlaust foreldri lýsir sig andvígt ættleiðingu, er ættleiðing almennt ekki heimilud, nema sérstakar ástæður mæli með því.

Ef umsækjandi telur forsjárlaust foreldri sé andvígt ættleiðingu, getur umsækjandi rökstutt hér að sérstakar ástæður mæli með því að barn verði engu að síður ættleitt. Athugasemdir varðandi öflun samþykkis forsjárlauss foreldris er einnig hægt að gera hér.

**Umsagnir nákominna skv. 11. gr. ættleiðingarlaga.**

Ef annað foreldrið er látið og skal þá, ef unnt er, leita umsagnar foreldra hins látna foreldris, systkina þess og systkina þess sem ættleiða á. Heimilt er jafnframt að leita umsagnar annarra sem eru nákomnir barni, ef talin er þörf á.

Ef högum þess foreldris sem fer ekki með forsjá barns er svo farið að það getur ekki látið uppi marktækt samþykki eða það er horfið skal, ef unnt er, leita umsagnar nákominna barninu, samkvæmt reglum 2. mgr. 11. gr. ættleiðingarlaga.

Ef forsjárlaust foreldri er látið skal upplýsa um það hér.

Athugasemdir varðandi öflun samþykkis forsjárlauss foreldris. Ef forsjárlaust foreldri er horfið eða getur ekki látið uppi marktækt samþykki skal gera grein fyrir því hér. Jafnframt skal upplýsa hvað gert hefur verið til að hafa upp á foreldrinu eða hvaða atvik valda því að viðkomandi getur ekki látið uppi marktækt samþykki.

Hér skal tilgreina þá sem leita skal umsagnar hjá, samkvæmt framansögðu, þ.e. foreldra foreldris, systkini foreldris og systkini þess sem ættleiða á. Ef aðrir eru taldir nákomnir barni, í gegnum tengsl við forsjárlaust foreldri, skal einnig upplýsa um þá aðila.

Nafn	Kennitala / fæðingardagur	Skyldleiki / tengsl

Sýslumaður mun kynna þeim erindið sem leita skal umsagnar hjá og gefa kost á umsögn um hina fyrirhuguðu ættleiðingu, skriflega eða í viðtali. Ef um barn er að ræða mun því vera gefinn kostur á að tjá sig, hafi það aldur og þroska til.

Samþykki barnsins, 6. gr. laga um ættleiðingar nr. 100/1952.

Samþykki barns sem orðið er 12 ára, þarf til að ættleiðing verði veitt, nema að andlegum högum barns sé þannig háttáð að barnið geti ekki gefið marktækt samþykki, eða varhugavert þyki vegna hagsmuna barns að leita eftir því.

Rætt er við barnið á vegum barnaverndarnefndar og því veitt leiðsögn um ættleiðingu og réttaráhrif hennar.

Ef barnið sem ættleiða á, er yngra en 12 ára skal sömuleiðis leita eftir afstöðu þess til fyrirhugaðrar ættleiðingar, ef slíkt þykir gerlegt miðað við aldur barns og þroska.

Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins, 12. gr., sjá lög 6/2013.

Aðildarríki skulu tryggja barni sem myndað getur eigin skoðanir rétt til að láta þær frjáltslega í ljós í öllum málum sem það varða, og skal tekið réttmætt tillit til skoðana þess í samræmi við aldur þess og þroska.

Vegna þessa skal barni einkum veitt tækifæri til að tjá sig við hverja þá málsmeðferð fyrir dómi eða stjórnvaldi sem barnið varðar, annaðhvort beint eða fyrir milligöngu talsmanns eða viðeigandi stofnunar, á þann hátt sem samræmist reglum í lögum um málsmeðferð.

Sýslumaður mun óska eftir að barnaverndarnefnd ræði um fyrirhugaða ættleiðingu við barn ef það hefur aldur og þroska til.

Hér er óskað upplýsingum um hvort umsækjandi telur að eitthvað standi því í vegi að leitað verði afstöðu barnsins, sbr. framangreint.



Samkvæmt 12. gr. reglugerðar um ættleiðingar nr. 238/2005 eru tilgreind eftirfarandi skilyrði fyrir veitingu leyfis til ættleiðingar. Umsækjendur skulu hafa yfir að ráða fullnægjandi húsnæði og öðrum aðbúnaði til þess að geta veitt barni þroskavænleg uppeldisskilyrði.

Efnahagur umsækjenda skal vera traustur.

Umsækjendur mega ekki hafa hlotið refsisdóm sem gefur tilefni til að draga í efa hæfni þeirra til að veita barni gott uppeldi.

Húsnæði umsækjanda (tegund húsnæðis og stutt lýsing á staðsetningu og umhverfi):

Hefur umsækjandi hlotið fjárhagsaðstoð sveitarfélags, atvinnuleysisbætur, örorkubætur, endurhæfingarlífeyri, sjúkradagpeninga eða sérstakar húsnæðisbætur? Ef já, tilgreinið tegund stuðnings og tímabil sem um ræðir:

Menntun umsækjanda og hvenær hann lauk námi:

Störf og vinnuveitendur síðustu fimm ára:

Hefur umsækjandi hlotið refsingu? (þ.m.t. sektir) Ef já, tilgreinið hvenær og fyrir hvað:

Heilsufar, sbr. 9. gr. ættleiðingarlaga.

Umsækjendur skulu vera svo andlega og líkamlega heilsuhraustir að tryggt sé, eftir því sem unnt er, að ættleiðing verði barni fyrir bestu. Því mega umsækjendur ekki vera haldnir sjúkdómi eða þannig á sig komnir að það dragi úr lífslíkum þeirra á þeim tíma þar til barn verður sjálfráða, eða minnki möguleika þeirra til að annast vel um barn.[...] Í greininni eru taldir upp sjúkdómar sem geta leitt til synjunar á umsókn um ættleiðingu, en jafnframt tekið fram að víkja megi frá ákvæðum 9. gr. vegna umsóknar um stjúpættleiðingu barns þegar sérstaklega stendur á.

Heilbrigðis- og læknisvottorð vegna stjúpforeldris er lögð fram í sérstöku skjali, sem fylgir umsókn þessari. [Eyðublað fyrir greinargerðina](#) er á vef sýslumanna.

Hvernig hefur umgengni barns verið háttáð við það foreldri sem rofin verða lagatengsl við með ættleiðingu, eða umgengni við aðra sem tengjast barninu í gegnum það foreldri.

Hefur verið ágreiningur um umgengnina.



Skjöl sem fylgja umsókninni: Gögn merkt með rauðri stjörnu þurfa alltaf að vera meðfylgjandi.

Forsjáravottorð útgefið af Þjóðskrá Íslands fyrir barnið sem ættleiða á. *

Heilbrigðis- og læknisvottorð fyrir stjúpforeldri, á þar til gerðu [eyðublaði á vef sýslumanna](#). *

Síðustu þrjú skattframtöl, afrit staðfest. *

Þrjár síðustu launaseðlar stjúpforeldris. *

Gögn um tekjur stjúpforeldris síðastliðið ár (ef ekki er komið skattframtal fyrir það ár)

Síðustu greiðsluseðlar vegna lána, eða stöðuyfirlit frá lánveitanda stjúpforeldris (ef við á).

Fæðingarvottorð stjúpforeldris, ef fætt erlendis.

Ótvíræð gögn til sönnunar á lágmarkssambúðartíma. (ef við á)

Önnur gögn, skv. því sem við á og óskað er eftir í eyðublaðinu. (sérstök tengsl við Ísland, ættleiðingar verður ekki óskað í búsetulandi, tækniftrjógvun.)

Ef framangreind gögn eru á öðru tungumáli en ensku eða norðurlandamálum, skal fylgja þýðing þeirra, á ensku eða íslensku. Erlend skjöl þurfa að vera lögformlega staðfest. Sjá nánar í upplýsingatexta.

Undirrituð/Undirritaður stjúpforeldri barnsins óskar eftir að sýslumaður gefi út leyfi til að ég ættleiði barnið með vísan til umsóknar þessarar og fylgigagna með henni.

Annað sem óskað er eftir að koma á framfæri:

Ofangreindar upplýsingar eru gefnar samkvæmt bestu vitund. Við gerum okkur grein fyrir að rangar upplýsingar í umsókn þessari varða refsíabyrgð samkvæmt almennum hegningarlögum nr. 19/1940.

Dagsetning og undirskrift kynforeldris:

Dagsetning og undirskrift umsækjanda/stjúpforeldris:

Um stjúpættleiðingu á barni yngra en 18 ára.

Með orðinu stjúpættleiðing er átt við ættleiðingu á barni eða kjörbarni maka eða sambúðarmaka umsækjanda. Heimild til slíkrar ættleiðingar er í 2 mgr. 2. gr. laga um ættleiðingar nr. 130/1999.

Málsmeðferð.

Sýslumaður aflar fæðingarvottorða umsækjanda, barns og kynforeldra, einnig upplýsinga um skráningu Þjóðskrár á lögheimili og hjúskaparstöðu. Þá er aflað fulls sakavottorðs umsækjanda. Ef við á mun sýslumaður leita eftir afstöðu forsjárforeldris, forsjárlaus foreldri og afla umsagna nákominna. Sýslumaður óskar umsagnar barnaverndarnefndar, nema augljóst sé að skilyrði fyrir útgáfu ættleiðingarleyfis séu ekki uppfyllt. Til viðbótar umsögn barnaverndarnefndar er heimilt að senda erindið til ættleiðingarnefndar til umsagnar. Ef óskað verður frekari gagna eða upplýsinga verða umsækjendur látnir vita. Ef sýslumaður telur ekki skilyrði til að samþykkja erindið, verður umsækjendum gefinn kostur á að skila greinargerð með sjónarmiðum sínum. Sýslumaður getur óskað þess að ræða við umsækjendur. Ef erindi er hafnað, er það gert með úrskurði, sem hægt er að kæra til dómsmálaráðuneytis.

Ef erindi er samþykkt er það gert með útgáfu leyfis til ættleiðingar. Gjald fyrir leyfið verður þá innheimt, kr.5.000.

Skjalið er sent umsækjanda. Upplýsingar um ættleiðingarleyfi eru sendar Þjóðskrá Íslands til skráningar.

Lýktir ættleiðingarmálsins eru kynntar umsagnaraðilum.



Vakin er athygli á þessum laga- og reglugerðarákvæðum:

Lög um ættleiðingar nr. 130/1999. <https://www.althingi.is/lagas/nuna/1999130.html>

4. gr. Almenn skilyrði ættleiðingar.

Eigi má veita leyfi til ættleiðingar, nema sýnt þyki eftir könnun viðkomandi barnaverndarnefndar á málefnum væntanlegs kjörbarns og þeirra sem óska ættleiðingar að ættleiðing sé barninu fyrir bestu, enda sé ætlun ættleiðenda að annast og ala barnið upp eða sá sem ættleiða á hafi verið alinn upp hjá þeim eða aðrar alveg sérstakar ástæður mæli með ættleiðingu.

5. gr. Aldur ættleiðanda

Leyfi til ættleiðingar verður veitt þeim einum sem náð hefur 25 ára aldri, en þó má, ef sérstaklega stendur á, veita þeim sem orðinn er 20 ára leyfi til ættleiðingar.

6. gr. Samþykki þess sem ættleiða á.

Eigi má ættleiða þann sem orðinn er 12 ára án samþykkis hans, nema andlegum högum hans sé svo farið að hann geti ekki gefið marktækt samþykki eða ef varhugavert þykir vegna hagsmuna hans að leita eftir því.

Áður en barn samþykkir ættleiðingu skv. 1. mgr. skal ræða við það á vegum barnaverndarnefndar sem í hlut á og veita því leiðsögn um ættleiðingu og réttaráhrif hennar.

Ef barn sem ættleiða á er yngra en 12 ára skal með sama hætti og greinir í 2. mgr. leita eftir afstöðu þess til fyrirhugaðrar ættleiðingar ef slíkt þykir gerlegt miðað við aldur þess og þroska.

7. gr. Samþykki þess sem fer með forsjá barns eða sérstaks lögráðamanns.

Samþykki foreldra sem fara með forsjá barns þarf til ættleiðingar þess.

Ef högum annars foreldris sem fer með forsjá barns er svo farið að það getur ekki látið uppi marktækt samþykki eða það er horfið nægir samþykki hins. Ef þannig er ástatt um báða foreldra þarf samþykki sérstaklega skipaðs lögráðamanns barns. Nú fer barnaverndarnefnd með forsjá barns og þarf þá samþykki nefndarinnar til ættleiðingar þess.

Veita má leyfi til ættleiðingar, þrátt fyrir að samþykki skv. 1. eða 2. mgr. skorti, ef barn hefur verið í fóstri hjá umsækjendum og hagir þess mæla að öðru leyti eindregið með því að það verði ættleitt.

10. gr. Afturköllun samþykkis

Nú tekur aðili, sem veita skal samþykki skv. 6. og 7. gr., aftur samþykki sitt áður en ættleiðingarleyfi er veitt og er þá eigi heimilt að gefa út leyfi.

Veita má leyfi til ættleiðingar þrátt fyrir að foreldri eða sérstaklega skipaður lögráðamaður taki aftur samþykki sitt ef barn hefur verið í fóstri hjá umsækjendum og hagir þess mæla að öðru leyti eindregið með því að það verði ættleitt og afturköllun á samþykki stýðst eigi við gild rök.

11. gr. Umsögn foreldris eða nákominna.

Leita skal umsagnar þess foreldris sem ekki fer með forsjá barns, ef unnt er, áður en afstaða er tekin til ættleiðingarumsóknar. Ef högum þess foreldris sem fer ekki með forsjá barns er svo farið að það getur ekki látið uppi marktækt samþykki eða það er horfið skal, ef unnt er, leita umsagnar nákominna skv. 2. mgr.

Nú er annað foreldri látið eða bæði og skal þá, ef unnt er, leita umsagnar foreldra þess foreldris sem látið er, systkina þess foreldris sem látið er og systkina þess sem ættleiða á áður en afstaða er tekin til ættleiðingarumsóknar, enda sé sá sem ættleiða á yngri en 18 ára. Heimilt er jafnframt að leita umsagnar annarra sem eru nákomnir barni, ef talin er þörf á, enda sé sá sem ættleiða á yngri en 18 ára.

14. gr. Gjald

Ættleiðingarleyfi verður ekki veitt ef einhver sá sem samþykkja á ættleiðingu innir af hendi eða veitir viðtöku gjaldi eða fríðindum í tengslum við samþykkið, þar á meðal vegna missis atvinnutekna. Má ganga eftir skriflegum yfirlýsingum þeirra sem málið varðar um þetta.

16. gr. Umsögn varðandi umsókn um leyfi til ættleiðingar.

Leita skal umsagnar barnaverndarnefndar um umsókn um leyfi til að ættleiða barn nema augljóst sé að skilyrði fyrir útgáfu ættleiðingarleyfis séu ekki uppfyllt. [...]

Enn fremur má leita umsagnar ættleiðingarnefndar til viðbótar umsögn barnaverndarnefndar ef ástæða þykir til, sbr. 17. gr.

18. gr. Útgáfa ættleiðingarleyfis.

Að fenginni umsögn barnaverndarnefndar og ættleiðingarnefndar, ef því er að skipta, og að fullnægðum lögmaeltum skilyrðum leysir sýslumaður svo fljótt sem auðið er úr því hvort ættleiðingarleyfi verður veitt.

Ef sýslumaður ákveður að veita leyfi til ættleiðingar gefur hann út leyfisbréf til umsækjenda um ættleiðinguna.

19. gr. Ákvörðun um fyrirhugaða veitingu ættleiðingarleyfis.

Ef sýslumaður ákveður að veita leyfi til ættleiðingar þótt samþykki skv. 7. gr. liggi ekki fyrir eða samþykki hafi verið afturkallað, sbr. 10. gr., skal með sannanlegum hætti tilkynna þeim sem fer með forsjá barns eða sérstökum lögráðamanni það með rökstuddri ákvörðun. Þar skal greina úrlausnarefni, helstu gögn málsins, niðurstöðu og rökstuðning fyrir henni, þar á meðal lagaatriði er niðurstaðan byggist á, og önnur atriði er máli skipta. Enn fremur skal þar greina heimild til að bera ákvörðunina undir dómstóla og málshöfðunarfrest.

20. gr. Synjun umsóknar um ættleiðingu.

Ef synjað er um ættleiðingu skal það gert með úrskurði. Í úrskurði skal greina úrlausnarefni, helstu gögn málsins, niðurstöðu og rökstuðning fyrir henni, þar á meðal lagaatriði er niðurstaða byggist á, og önnur atriði er máli skipta.

Aðilum máls er heimilt að kæra synjun sýslumanns um ættleiðingu til ráðherra innan tveggja mánaða frá dagsetningu úrskurðar.

**21. gr. a. Tilkynning um málalok.**

Sýslumaður skal senda umsagnaraðilum skv. 11.–13. gr. tilkynningu um málalok.

22. gr. Dómsmál vegna ákvörðunar um veitingu ættleiðingarleyfis.

Þeim sem fer með forsjá barns eða sérstaklega skipuðum lögráðamanni er heimilt að bera ákvörðun sýslumanns um veitingu ættleiðingarleyfis skv. 19. gr. undir héraðsdóm innan 30 daga frá því að þeim barst ákvörðunin.[...]

25. gr. Réttaráhrif.

Við ættleiðingu öðlast kjörbarn sömu réttarstöðu gagnvart kjörforeldrum, ættmennum þeirra og þeim sem eru í kjörsifjum við þá eins og væri það eigið barn kjörforeldra, nema lög mæli annan veg. Frá sama tíma falla niður lagatengsl barnsins við kynforeldra þess, önnur ættmenni og þá sem eru í kjörsifjum við þá, nema lög kveði öðruvísi á.

26. gr. Upplýsingaskylda kjörforeldra.

Kjörforeldrar skulu skýra kjörbarni sínu frá því jafnskjótt og það hefur þroska til að það sé ættleitt. Skal það að jafnaði gert eigi síðar en er barn nær sex ára aldri.

Kjörforeldrar eiga rétt á ráðgjöf viðkomandi barnaverndarnefndar við upplýsingagjöf skv. 1. mgr.

27. gr. Aðgangur kjörbarns að upplýsingum.

Þegar kjörbarn hefur náð 18 ára aldri á það rétt á að fá tiltækar upplýsingar um það frá ráðuneytinu hverjir séu kynforeldrar þess eða fyrri kjörforeldrar.

36. gr. Lögsaga í ættleiðingarmálum.

Manni sem búsettur er hér á landi er einungis heimilt að ættleiða barn samkvæmt ákvæðum þessara laga.

37. gr. Umsókn manns er býr erlendis um leyfi til ættleiðingar.

Manni sem búsettur er erlendis er einungis heimilt að ættleiða barn samkvæmt ákvæðum laga þessara ef hann eða maki hans eru íslenskir ríkisborgarar og geta sökum þess ekki fengið leyfi til ættleiðingar í landi þar sem hann býr, enda megi ætla að íslenskt ættleiðingarleyfi verði metið gilt þar sem hann er búsettur.

Sýslumaður getur einnig heimilað að umsókn um ættleiðingarleyfi verði tekin til meðferðar hér á landi vegna sérstakra tengsla umsækjenda við landið. [...]

Með heimild í 41. gr. ættleiðingarlaga var sett reglugerð um ættleiðingar nr. 238/2005.

<https://www.reglugerd.is/reglugerdir/allar/nr/238-2005>

8. gr. Umsækjendur skulu hafa til að bera eiginleika og skilning á þörfum barna sem gera þá vel hæfa til að sinna forsjárskyldum gagnvart barni í samræmi við ákvæði barnalaga.

Í reglugerðinni eru reglur um almennar kröfu til ættleiðanda og um könnun barnaverndarnefnar á máli.

Lög um íslenskan ríkisborgararétt nr. 100/1952. <https://www.althingi.is/lagas/nuna/1952100.html>

2. gr. a, 1. mgr.

Barn, undir 18 ára aldri, sem ættleitt er af íslenskum ríkisborgara, öðlast íslenskt ríkisfang við ættleiðinguna ef:

a. ættleiðingarleyfi er gefið út hér á landi,

b. ættleiðingarleyfi er gefið út erlendis og íslensk stjórnvöld hafa viðurkennt að það gildi hér á landi samkvæmt lögum um ættleiðingar.

Lög um tæknifrjóvgun og (...) nr. 55/1996. <https://www.althingi.is/lagas/nuna/1996055.html>

3. og 4. mgr. 5. gr. Gjöf fósturvísa er óheimil. Staðgöngumæðrun er óheimil.

Kröfur til erlendra skjala.

Staðfesting þess að skjal stafi frá réttum aðila. Skjöl þurfa að vera lögformlega staðfest, til þess eru tvær viðurkenndar leiðir, annað hvort keðjustimplun eða Apostille vottun. Hvernig skjal er lögformlega staðfest ræðst af útgáfulandi þess. Ef landið þar sem skjal var gefið út er aðili að Haag samningi um apostille vottun, þarf að koma frumriti skjals til þess aðila í því landi sem annast vottunina. Upplýsingar um hvaða lönd eru aðilar að Haag samningnum um Apostille og hverjir annast vottunina.

Ef útgáfuland skjals er ekki aðili að Haag samningnum um Apostille, þarf skjalið að bera svokallaða keðjustimplun (legalization) frá upprunalandi skjalsins og sendiskrifstofu Íslands gagnvart því landi m.ö.o. skjalið þarf tvo stimpla til þess að teljast lögformlega staðfest. Til að fá slíka stimplun þarf að senda frumskjalið til utanríkisráðuneytis þess lands sem gaf út skjalið. Viðkomandi ráðuneyti staðfestir skjalið og sendir það áfram til sendiráðs Íslands gagnvart því landi. Sendiráð Íslands gagnvart landinu staðfestir að lokum að fyrri stimpillinn sé réttur. Upplýsingar um sendiskrifstofur Íslands

Þýðing skjals. Ef skjöl eru ekki á ensku eða norrænu tungumáli þarf löggilt þýðing að fylgja með þeim.

Ef tiltekið tungumál er ekki á lista á heimasíðu sýslumanna, þá eru löggiltir skjalapýðendur í því tungumáli ekki til á Íslandi og þá þarf að leita eftir þýðingu löggilts skjalapýðanda erlendis. Það er heimilt að leggja fram þýðingu yfir á ensku, dönsku, norsku og sænsku.

Staðfest afrit. Með því er átt við að afrit sé tekið af frumriti skjals og það staðfest af stjórnvaldi sem hefur heimild til að staðfesta skjöl. Þar getur verið um að ræða lögbókanda, notarius publicus.

Athugið að frumrit vottorða þurfa að vera staðfest með Apostille vottun eða keðjustimplun áður en staðfest afrit er tekið af þeim.